

2015

Framkvæmdaráætlun  
barnaverndarnefndar  
Reykjanesbæjar 2015-2018



Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar

Velferðarsvið Reykjanesbæjar

10/26/2015

## Inngangur

Framkvæmdaráætlun barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi fram:

*„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.“*

Áætlunin var í unnin í samstarfi við Fræðslusvið Reykjanesbæjar og Fjölskyldudeild Velferðarsvið Reykjanesbæjar. Við gerð áætlunar var stuðst við Fjölskyldustefnu og Forvarnarstefnu Reykjanesbæjar. Einnig var stuðst við Tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna og barnvæna félagsþjónustu við börn og fjölskyldur.

## Markmið

Reykjanesbær leggur áherslu á að skapa börnum bæjarins bestu tækifæri í öruggu, aðlaðandi og umhverfisvænu samfélagi til að rækta hamingju og heilbrigði, afla sér góðrar menntunar og áhugverðra framtíðarmöguleika. Í Fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar (2013) kemur fram að Reykjanesbær lítur á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins þar sem lögð er áhersla á að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og tryggja fjölskyldunni sem þroskavænlegust skilyrði. Markmið fjölskyldustefnunnar er meðal annars að styðja við uppeldishlutverk forelda með fræðslu hverskonar þar sem litið er svo á að foreldrar séu mestu áhrifavaldar í lífi barna sinna. Að skapa forsendur til að einstaklingar fái vaxið í heilsteypu umhverfi sem auðveldi þeim að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.

Markmið barnaverndarstarfs í Reykjanesbæ er að veita barnvæna þjónustu þar sem lögð er áhersla á að virða, vernda og framfylgja réttindum hvers barns með því að veita þeim viðeigandi þjónustu, umönnun, þátttöku og vernd. Ávallt sé í forgangi „það sem barninu er fyrir bestu“. Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar telur mikilvægt að vinna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem lögð er áhersla á réttindi barns til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í ákvarðanatöku er varðar þeirra líf í samræmi við aldur þeirra og þroska. Ásamt því að alast upp í friði, öryggi og við góðar uppeldisaðstæður og vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar leggur því ríka áherslu á að vinna að því að bæta aðstæður barna sem búa við óviðeigandi uppeldisaðstæður með því að veita foreldrum og börnum þeirra stuðning í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni. Í því flest að hlúa að góðu samstarfi við foreldra og efla getu þeirra til að takast á við uppeldishlutverk sitt til að þeir geti frekar mætt þörfum barna sinna og veitt þeim viðeigandi umönnun og öryggi.

Reykjanesbær telur mikilvægt að þjónusta við börn og foreldra þeirra verði þverfagleg innan og milli sviða Reykjanesbæjar. Ásamt því að veita stuðning sem mest í nærumhverfinu þar

sem lögð er áhersla á forvarnir, almenna og sérhæfða þjónustu sem miðar að þörfum fjölskyldna í Reykjanesbæ.

## Leiðir

Leiðir til að ná settum markmiðum byggjast á þrenns konar aðgerðum:

- ✚ Almennar aðgerðir
- ✚ Sérstækar aðgerðir og forvarnir varðandi ákveðna hópa
- ✚ Aðgerðir varðandi barnaverndarmál

### ✚ Almennar aðgerðir

#### 1. Samtakahópurinn

Samtakahópurinn hefur verið starfandi frá árinu 2005 og er þverfaglegur aðgerðarhópur varðandi forvarnarmál barna og unglinga. Markmið hópsins er að fyrirbyggja og taka á þeim vandamálum sem upp koma hverju sinni til að bæta umhverfi barna og ungmenna í Reykjanesbæ. Ásamt því að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í forvarnarmálum.

1.1. Verklag Samtakahópsins verði uppfært.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Hefst janúar 2016 og áætluð verklok maí 2016.

1.2. Skoða möguleika á að forvarnarsjóðurinn verði á ábyrgð Samtakahópsins og verkferlar verði gerðir sýnilegri.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Hefst janúar 2016 og áætluð verklok 15. maí 2016.

1.3. Verkefni hópsins séu gerð sýnileg almenningi.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Viðvarandi verkefni.

#### 2. Forvarnarstefna Reykjanesbæjar

Forvarnarstefna Reykjanesbæjar er frá árinu 2003 og byggir á samvinnu flestra þeirra aðila í Reykjanesbæ sem láta sig forvarnir varða. Markmið stefnunnar er meðal annars að stuðla að auknu heilbrigði og hamingju barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Að skapa aðstæður í samfélaginu sem eru líklegri til að hafa jákvæð áhrif og að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barna/ungmenna. Ásamt því að stuðla að betri menntun, öryggi á heimilum og bættum aðbúnaði og umhverfi barna.

2.1. Stofna teymi milli sviða Reykjanesbæjar þar sem markmið teymisins er að endurskoða forvarnarstefnu Reykjanesbæjar.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið og Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Hefst september 2016 og áætluð verklok maí 2017.

### **3. Fjölskyldusetur Reykjanesbæjar**

Fjölskyldusetur Reykjanesbæjar var stofnað 5. september 2014 þar sem markmið setursins er að skapa umhverfi þar sem fjölskyldur geta sótt sér fræðslu og jákvæða þekkingu er varðar fjölskyldumál. Þannig er hægt að styrkja fjölskyldurnar og stuðla frekar að hamingju og heilbrigði fjölskyldumeðlima, ánægjulegra samverustunda innan fjölskyldunnar og betri hæfni foreldra til að takast á við uppeldishlutverkið.

3.1. Endurskoða verklag um starfsemi Fjölskyldusetursins.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið í samvinnu við Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Vinnan er hafin og áætluð verklok mars 2016.

### **4. Fræðsla til barna í grunnskólum Reykjanesbæjar**

Mikilvægt er að stuðla að forvarnarfræðslu til barna í leik- og grunnskóla Reykjanesbæjar. Fræðslusvið og Velferðarsvið eru tilbúin til að leggja sitt af mörkum til að stuðla að uppbyggjandi forvarnarstarfi innan skólanna.

4.1. Halda fund með skólastjórendum grunnskóla Reykjanesbæjar til að afla upplýsinga um núverandi forvarnarfræðslu og skoða möguleika á samstarfi.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Hefst september 2016 og áætluð verklok maí 2017.

## **✚ Sértaekar aðgerðir og forvarnir varðandi ákveðna hópa**

### **1. Heimilisofbeldi**

Velferðarsvið Reykjanesbæjar hóf samstarf við Lögreglunnar á Suðurnesjum 1. febrúar 2013 í tengslum við heimilisofbeldi. Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum tóku einnig þátt í því samstarfi. Markmið með samstarfinu var að þeir sérfræðingar sem koma að heimilisofbeldismálum vinni saman, að gefa út skýr skilaboð út í samfélagið um að ofbeldi á heimilum verði ekki liðið. Ásamt því að veita þolendum og gerendum betri þjónustu og að fylgja málunum betur eftir. Mikilvægt er að skima fyrir heimilisofbeldi til að geta betur mætt þeim einstaklingum og börnum sem verða fyrir ofbeldi á heimili svo hægt sé að veita þeim frekar viðeigandi stuðningsúrræði.

1.1. Fræða starfsmenn um aðferðir til að skima eftir heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Undirbúningur að fræðslu starfsmanna hefst í janúar 2016 og skimum hefst mars 2016.

## 2. Forvarnarverkefni

Reykjanesbær telur mikilvægt að efla foreldra í sínu uppeldishlutverki með því að stuðla að fjölbreyttum uppeldisnámskeiðum ásamt því að aðstoða þau börn sem stunda áhættu hegðun. Til þess að mæta þessum þætti þá verða eftirfarandi forvarnarnámskeið í boði.

### 2.1. Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Stefnt er að því að halda árlega.

### 2.2. Klókir litlir krakkar fyrir foreldra barna á leikskólaaldri.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Stefnt er að því að halda árlega, frá janúar 2017.

### 2.3. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna með ADHD.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Stefnt er að því að halda a.m.k. tvö námskeið árlega.

### 2.4. Hópastarf fyrir drengi á aldinum 13-16 ára sem eiga við hegðunar- og/eða félagslegan vanda að stríða.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og Fræðslusvið í samtarfi við Lögreglustjórn á Suðurnesjum.

Tímaáætlun: Hefst haustið 2015.

## 3. Liðveitendur

Liðveisla er úrræði fyrir börn með fötlun/raskanir og þurfa stuðning til að efla sig félagslega. Erfitt hefur verið að fá liðveitendur til starfa og því er mikilvægt að reyna að finna ýmsar leiðir til þess ásamt því að veita liðveitendum fræðslu um málefni fatlaðra.

### 3.1. Efla samstarf við Fjölbautarskóla Suðurnesja þar sem markmið er að fá starfsmenn til að starfa við liðveislu.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Janúar 2016

### 3.2. Halda fræðslu fyrir liðveitendur.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið í samvinnu við Fræðslusvið.

Tímaáætlun: Í september 2016 og verður svo árlega að hausti.

#### **4. Þjónusta fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir**

Reykjanesbær hefur verið að veita börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir þjónustu með misgóðum árangri. Starfsmenn Velferðarsviðs Reykjanesbæjar hafa á síðustu árum orðið varir við vaxandi þörf fyrir sérhæfðu úrræði til að mæta þörfum þeirra.

4.1. Kortleggja þarfir þessara barna og fjölda þeirra.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Verkefnið hefst í janúar 2016 og verklok mars 2016.

4.2. Kortleggja þörf fyrir úrræði til að mæta þessum börnum og koma með tillögur að úrræði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Mars 2016 og verklok júní 2016.

#### **5. Baklandið**

Baklandið er stuðningsúrræði eftir skóla í heimilislegu umhverfi fyrir börn á aldrinum 9-13 ára. Markmiðið með Baklandinu er að aðstoða börnin með heimanám, þjálfá þau í athöfnum daglegs lífs og efla félagsfærni þeirra og félagsleg tengsl. Úrræðið hefur verið misvel nýtt og því mikilvægt að kortleggja þörfina.

5.1. Kortleggja þörfina fyrir Baklandið og koma með tillögur að þróun úrræðisins.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Verkefnið hefst í janúar 2016 og verklok í maí 2016.

#### **6. Ráðgjöf og stuðningur inn á heimili**

Úrræðið Ráðgjöf og stuðningur á heimili var stofnað haustið 2011, þar sem markmið var að efla þjónustu inn á heimili og samþætta ýmis úrræði eins og tilsjón, persónulegan ráðgjafa, liðveislu og frekari liðveislu. Vandí einstaklinga og fjölskyldna hefur aukist á undanförunum árum og er nú orðinn fjölbættari. Mikilvægt er því að kortleggja úrræðið og meta þörfina fyrir áframhaldandi þróun svo að hægt sé að mæta sem best þeim einstaklingum og fjölskyldum sem nota úrræðið.

6.1. Kortleggja hverjir nota úrræðið og helstu þarfir þeirra.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: September 2016 til desember 2016.

6.2. Koma með tillögur að þróun úrræðisins til að mæta betur þeim einstaklingum og fjölskyldum sem nota úrræðið.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Janúar 2017 til maí 2017.

## **7. Þverfaglegt samstarf**

Mikil þekking og reynsla er til staðar innan Reykjanesbæjar sem mikilvægt er að nýta sem best þegar verið er að vinna með börnum og fjölskyldum þeirra. Stefnt er að efla þverfaglegt samstarf innan og milli sviða ásamt öðrum stofnunum þegar það á við.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið og Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Hefst haust 2015.

## **🚦 Aðgerðir varðandi barnaverndarmál**

### **1. Efla fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla um hlutverk barnaverndar.**

Barnavernd hefur verið með fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla er varðar vinnulag barnaverndar, tilkynningaskyldu ásamt ýmsum þáttum sem snúa að barnaverndarmálum eins og ofbeldi gegn börnum. Mikilvægt er að bjóða starfsfólki leik- og grunnskóla upp á fræðslu að lágmarki annað hvert ár.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Stefnt er að því að bjóða upp á fræðslu í janúar 2017.

### **2. Reglur um könnun og meðferð mála og framsal valds til starfsmanna barnaverndarnefndra Reykjanesbæjar.**

Mikilvægt er að þessar reglur séu endurskoðaðar reglulega með tilliti til breytinga á lögum og reglugerðum. Reglurnar voru síðast endurskoðaðar árið 2012.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Reglurnar verða endurskoðaðar í febrúar 2016 og síðan á tveggja ára fresti.

### **3. Ester, greiningar- og matskerfi**

Ester er greiningar- og matskerfi sem stýrt er af Barnaverndarstofu. Með Ester greiningartækinu er hægt að meta áhættu og verndandi þætti hjá þeim börnum sem hafa þróað með sér eða eru í áhættu með að þróa með sér andfélagslega hegðun. Tveir starfsmenn barnaverndar eru að taka þátt í þessu verkefni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Hófst í ágúst 2015 og verklok í janúar 2017.

### **4. Heimilisofbeldi gegn börnum**

Barnavernd Reykjanesbæjar hefur verið að vinna með börnum sem hafa upplifað heimilisofbeldi með því að veita Tröppuviðtöl. Mikilvægt er að gera verkferla varðandi vinnulag þegar tilkynning berst um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímaáætlun: September 2016 og verklok janúar 2017.

## **5. Sérfræðiþjónusta fyrir börn**

Samningur hefur verið á milli Fræðsluviðs og Velferðarsviðs um ákveðna sérfræðiþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra á vegum barnaverndar.

5.1. Endurskoða núverandi samning milli Fræðslusviði og Velferðarsviði

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið og Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Janúar 2016 og verklok júní 2016.

## **6. Ástundunarvandi barna í grunnskóla**

Fræðslusvið, Velferðarsvið og grunnskólar Reykjanesbæjar hafa gert með sér verklagsreglur til að styðja við þau börn sem mæta illa í skóla.

6.1. Leggja mat á verklagsreglur og halda áfram þróun þeirra.

Ábyrgðaraðili: Fræðslusvið og Velferðarsvið.

Tímaáætlun: Maí 2016 og verklok september 2016.